



## Jákvæð ávöxtun í erfiðu umhverfi

Þrátt fyrir erfitt árferði var ávöxtun LSR jákvæð á árinu 2009. Að teknu tilliti til afskrifta voru tekjur sjóðsins af fjárfestingum 34,7 milljarðar og nafnávöxtun 11,9%. Hrein raunávöxtun var 2,9% þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgu og rekstrarkostnaður dreginn frá fjárfestingartekjum.

Við uppbyggingu lífeyrissjóða er miðað við að þeir skili að jafnaði 3,5% ávöxtun umfram hækkun á vísitölu neysluerðs. Þó svo síðustu tvö ár hafi verið erfið fyrir íslenska lífeyrissjóði er ávöxtun LSR til langs tíma lítið umfram þetta viðmið.


Stærstu eignaflokkar í verðbréfasafni LSR eru nú erlend hlutabréf, innlend skuldabréf með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga og innlán. Erlend hlutabréf eru rúmlega þriðjungur heildareigna sjóðsins og skiluðu þau 35,8% ávöxtun á árinu. Vextir á innlánsreikningum í bönkunum voru með hæsta móti framan af árinu og naut lífeyrissjóðurinn góðs af því. Þá var ágæt ávöxtun á ríkisskuldabréf og skuldabréf sveitarfélaga. Á móti þessu kom að auka þurfti verulega færslur á afskriftareikning vegna skuldabréfa sem sjóðurinn átti á fyrirtæki og lánastofnanir.

Við fall Glitnis, Landsbankans og Kaupþings í október 2008 lentu mörg fyrirtæki í greiðsluferfiðleikum. Fjöldmörg þeirra hafa farið í fjár-

hagslega endurskipulagningu og önnur orðið gjaldþrota. Þessir erfiðleikar komu að nokkru strax fram á árinu 2008 en á liðnu ári bárust áframhaldandi fréttir af erfiðri stöðu innlendra fyrirtækja, banka og sparissjóða. Í ljósi þess var nauðsynlegt að færa auknar fjárhæðir á afskriftareikning.

LSR hefur eins og aðrir lífeyrissjóðir orðið fyrir þungu höggi í kjölfar falls bankanna á haustdögum 2008 og þeirrar fjármálakreppu sem fylgdi í kjölfarið hér á landi. Á árinu 2009 skiptust á skin og skúrur þegar horft er á afkomu sjóðsins en mestu skiptir þó að hann uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um langtímaávöxtun.

Hrein eign til greiðslu lífeyris – LSR og LH



Kirkjufell á Snæfellsnesi

## Eignir LSR og LH

Um síðustu áramót voru sam- anlagðar eignir LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) tæplega 350 milljarðar króna og höfðu þær hækkað um rúmlega 14% frá árinu á undan.

Frá síðustu aldamótum og fram að falli bankanna höfðu eignirnar aukist mikið. Í árslok 2000 voru þær tæpir 84 milljarðar en í árslok 2007 var verðmæti eigna sjóðanna 340 milljarðar. Á þessum 8 árum var því um rúmlega fjórföldun á eignum að ræða. Mestar urðu eignirnar í lok þriðja ársfjórðungs 2008 eða 248 milljarðar króna. Eignir í krónutölu í lok síðasta árs eru því tveimur milljörðum hærri en þær voru rétt fyrir fall bankanna haustið 2008, þó svo enn vanti nokkuð upp á að þær nái sömu fjárhæð að teknu tilliti til verðbólgu.



# Ávöxtun Séreignar LSR árið 2009


Á árinu 2009 leyndust tækifærin víða og fjármálamarkaðir hérlendis og úti í heimi tóku vel við sér eftir sveiflur síðustu tveggja ára. Séreign LSR naut góðs af þessum hækkunum. Leið I hækkaði um 18,6% að nafnvirði sem svarar til 9,1% raunávöxtunar. Leið II hækkaði um 14,3% að nafnvirði sem svarar til 5,2% raunávöxtunar. Eignir leiðar III hækkuðu um 14,3% á árinu sem samsvarar 5,1% í raunávöxtun en eignir leiðar III eru ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum.

Erlendir hlutabréfamarkaðir tóku vel við sér á síðari hluta ársins 2009 eftir um 25% lækkun framan af ári. Á heildina litið hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um rúm 34% á árinu. Á innlendum markaði voru það aðallega íslensk ríkisskuldabréf og íbúðabréf sem stuðluðu að góðri ávöxtun séreignar. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa og verðtryggðra íbúðabréfa lækkaði töluvert á

árinu sem skilaði sér í hærra verði skuldabréfanna. Helstu ástæður þess að ávöxtunarkrafan lækkaði voru vaxtalækkarnir Seðlabanka Íslands, væntingar um frekari lækkarnir vaxta og takmarkað framboð af öðrum fjárfestingarkostum, meðal annars vegna takmarkana á erlendum fjárfestingum.

Hjá Séreign LSR hefur allt frá stofnun hennar verið stefnt að öruggri vörslu viðbótarlífeyrissparnaðar, varfærni í fjárfestingum og lágum rekstrarkostnaði. Starfsfólk LSR kappkostar að veita sjóðfélögum góðar upplýsingar, meðal annars á heimasíðu sjóðsins [www.lsr.is](http://www.lsr.is), þar sem sjóðfélagar geta skoðað mánaðarleg yfirlit og fundið upplýsingar um ávöxtun, gengisþróun og fjárfestingarstefnur í Séreign LSR. Þá geta sjóðfélagar sótt upplýsingar um séreign hentar.

## Séreign LSR: Gengisþróun ársins 2009



## Séreign LSR – útborgunarreglur

Réttur til útborgunar er við 60 ára aldur og er þá heildarinnæign laus til útborgunar. Útborgun getur þó aldrei hafist fyrr en tveimur árum eftir að fyrsta greiðsla barst sjóðnum. Vegna skattfrestunarákvæða iðgjaldagreiðslna er reiknaður tekjuskattur við útborgun séreignarlífeyris.

Séreignarlífeyrir erfist að fullu og er greiddur beint til erfingja skv. reglum erfðalaga. Vegna skattfrestunarákvæða iðgjaldagreiðslna þá er reiknaður tekjuskattur við útborgun séreignarlífeyris en ekki erfðafjárskattur. Erfingjar

þurfa að sækja um skiptingu séreignar og eiga þess kost að geyma inneignina sem sína séreign eða fá hana útborgaða í einni greiðslu eða með dreifingu.

Heimilt er að fá séreignarlífeyrinn greiddan fyrir 60 ára aldur ef um örorku er að ræða. Miðast greiðsla örorkulífeyris við dreifingu árlegrar endurgreiðslu til 7 ára. Ef örorka er metin minni en 100% þá lækkar árleg endurgreiðsla í sama hlutfalli og endurgreiðslutíminn lengist sem því nemur.

## Punktur um séreign LSR

### Hagstæð sparnaðarleið

Viðbótarlífeyrissparnaður er hagstæð leið til að spara til eftirlaunaáranna. Kostirnir eru ótvíræðir: Mótframlag launagreiðanda og skattalegt hagræði gerir það að verkum að enginn annar sparnaður stenst samanburð við viðbótarlífeyrissparnað.

### Hvað er mótframlag?

Með mótframlagi launagreiðandans er umtalsverðri fjárhæð bætt við hverja innborgun. Mótframlag launagreiðanda er almennt 2% af heildarlaunum og er því bein launahækkun. Hlutfall framlagsins er bundið kjarasamningi og til að fá 2% frá vinnuveitanda þá þarf launþeginn sjálfur að spara að lágmarki 2% af heildarlaunum.

### Hvað er skattalegt hagræði?

Inneign í séreignarsjóði er ekki framtalskyld og því ekki greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum. Að auki er skattfrestun við innborgun iðgjalda þar sem heimilt er að draga iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða frá tekjum áður en til skattlagningar þeirra kemur. Hér er verið að fresta skattgreiðslunni, þar til kemur að töku lífeyris. Frestun leiðir til þess að ráðstöfunartekjur lækka um lægri fjárhæð en sem nemur því iðgjaldi sem launþeginn sparar.

### Tímabundnar breytingar

Þann 1. janúar 2010 tóku gildi ný lög þar sem heimild til útborgunar á séreignarlífeyrissparnaði var aukin í allt að 2,5 milljónir króna. Á árinu 2009 var opnað fyrir útborgun á einni milljón króna en frá síðustu áramótum er hægt að fá greiddar út allt að 1,5 milljónir króna til viðbótar svo fremi að réttthafi hafi átt þá fjárhæð 1. janúar 2010. Þá hefur einnig verið heimilað að á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. apríl 2011 megi greiða allt að 6% viðbótariðgjald í séreignarsjóði í stað 4% áður. Sjóðfélagar geta því á þessu tímabili frestað því að greiða skatt af allt að 10% launa sinna, 4% í skylduaðild og 6% í séreignarsjóði.

### Pegar kemur að töku lífeyris

Inneign í séreignarsjóði er mikilvægur þáttur í að leggja grunn að góðum lífeyri. Flestir taka á sig umtalsverða tekjulækkun við starfslok og því kemur séreignarsjóður til með að veita upp á móti tekjulækkuninni ásamt því að gefa meira svigrúm til að ákveða hvenær starfslok verða og taka lífeyris hefst.



Afgreiðsla LSR að Bankastræti 7 er opin alla virka daga frá 9:00 til 15:30.

## Yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur – afþakka pappír?

LSR sendir árlega öllum virkum sjóðfélögum yfirlit yfir greiðslur iðgjalda á yfirstandandi ári. Yfirlitin innihalda upplýsingar um iðgjaldagreiðslur sem borist hafa sjóðnum og nauðsynlegt er að bera saman við launaseðla. Á yfirlitunum eru auk þess upplýsingar um réttindi, áætlaðar lífeyrisgreiðslur og nafnaskrá lífeyrissjóða. Yfirlitin er einnig hægt að nálgast á sjóðfélagavef LSR. Nú gefst sjóðfélögum kostur á að afþakka yfirlit á pappír og sækja upplýsingar um iðgjaldagreiðslur og réttindi með rafrænum hætti á sjóðfélagavefnum. Til að afþakka yfirlit á pappír er nóg að senda beiðni í netpósti á netfangið [l@lsl.is](mailto:l@lsl.is) eða hringja í þjónustufulltrúa í síma 510-6100

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.  
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinsson  
Umsjón: Ágústa Gísladóttir  
Hönnun og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 • Sími: 510 6100

Símatími 9:00–16:00  
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100  
Fax: 510 6150 • [l@lsl.is](mailto:l@lsl.is) • [www.lsl.is](http://www.lsl.is)



Dynjandi

# Fjölgun sjóðfélaga á lífeyri

Á árinu 2009 greiddu LSR og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga samanlagt rúman þriðjung af lífeyrisgreiðslum sem greiddar voru úr lífeyrissjóðum á Íslandi. Að meðaltali fengu rúmlega 13.400 sjóðfélagar greiddan lífeyri frá LSR og LH í hverjum mánuði, sem er fjölgun um 9,6% frá árinu á undan. Lífeyrisgreiðslur á liðnu ári námu samtals tæpum 23 milljörðum króna.

Hjá A-deild LSR taka lífeyrisgreiðslur sömu breytingum og verða á vísitölu neysluverðs. Í B-deild og LH taka lífeyrisgreiðslur hins

vegar sömu breytingum og verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Þar er um tvenns konar reglur að ræða, eftirmannsreglu og meðaltalsreglu. Hjá þeim sem fylgja eftirmannsreglu taka lífeyrisgreiðslur sömu breytingum og verða á launum fyrir það starf sem þeir gegndu. Þegar um meðaltalsreglu er að ræða taka lífeyrisgreiðslur sömu breytingum og verða að meðaltali á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. U.þ.b. 70% lífeyrisþega hjá B-deild LSR taka nú lífeyri samkvæmt meðaltalsreglunni.

## Um aðild að B-deild LSR

Allir fastráðnir ríkisstarfsmenn eiga skyldu aðild að LSR, nema um annað sé samið í kjarasamningum. Í árslok 1996 var B-deild LSR lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Allir nýráðnir starfsmenn greiða því í A-deild LSR en þeir starfsmenn sem greiddu til B-deildar LSR í árslok 1996 hafa heimild til að greiða áfram þangað.

Til að uppfylla aðildarskilyrði að B-deild LSR þarf starfsmaður að vera ráðinn í að minnsta kosti 50% starf með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti. Heimilt er að greiða iðgjald til B-deildar af minna en 50% launum þegar

starfsmaður með aðild að sjóðnum fær greidd laun í veikindum og veikindalaun fara niður fyrir 50% af fullum launum. Jafnframt er heimilt í ákveðnum tilvikum að greiða af minna en 50% starfi sé starfsmaður á örorku-lífeyri samfara starfi.

Falli iðgjaldagreiðsla sjóðfélaga til B-deildar niður lengur en í 12 mánuði hefur hann ekki rétt til áframhaldandi aðildar. Hafi hinsvegar formlegu ráðningarsambandi starfsmanns og launagreiðanda ekki verið slitíð, t.d. ef um er að ræða launalaust leyfi, er heimilt að greiða áfram iðgjald til B-deildar.